

Greiðslujöfnuður við útlönd á 4. ársfjórðungi 2003 og erlend staða þjóðarbúsins - leiðrétt

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var 13,4 milljarða króna halli á viðskiptum við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2003. Á sama tímabili 2002 var hallinn af viðskiptum við útlönd 2 milljarðar króna. Viðskiptahallinn var 45,5 milljarðar króna á öllu árinu 2003 samanborið við 2,2 milljarða króna halla 2002. Útflutningur vöru og þjónustu minnkaði á árinu 2003 um 2% en innflutningur jókst um 13,2% frá árinu áður reiknað á föstu gengi¹. Hallinn á jöfnuði þáttatekna (launa, vaxta og arðs af fjárfestingum) og rekstrarframlögum nettó var um 18,3 milljarðar króna á árinu 2003, lítið eitt meiri en á árinu 2002. (Skuldahlutföll í töflu á síðu fjögur eru leiðrétt).

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Október- desember</i>		<i>Janúar- desember</i>	
	<i>2002</i>	<i>2003</i>	<i>2002</i>	<i>2003</i>
Viðskiptajöfnuður	-2,0	-13,4	-2,2	-45,5
Útflutningur vöru og þjónustu	72,3	66,7	308,8	284,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-71,0	-78,6	-292,9	-311,6
Þáttatekjur og framlög, nettó	-3,3	-1,5	-18,1	-18,3
Fjármagnsjöfnuður	4,3	7,7	8,8	31,8
Fjármagnshreyfingar án forða	-6,7	6,1	14,6	55,6
Gjaldeyrisforði (- aukning)	11,0	-13,6	-5,7	-23,4
<i>Skekkiur og vantalið nettó</i>	<i>-2,2</i>	<i>21,1</i>	<i>-6,5</i>	<i>13,7</i>

Hreint fjárinnstreymi mældist 31,8 milljarðar króna á árinu 2003. Fjárinnstreymið var að stærstum hluta erlend lántaka að fjárhæð 263 milljarðar króna, aðallega í formi skuldabréfaútgáfu erlendis en auk þess keyptu erlendir aðilar skuldabréf á innlendum markaði fyrir 17,7 milljarða króna á árinu 2003. Fjárútsreymi vegna erlendra verðbréfa-kaupa innlendra fjárfesta nam 45,4 milljörðum króna á árinu 2003 og hafði aukist umtalsvert frá árinu áður. Önnur eignamyndun í útlöndum var mikil á árinu 2003, einkum vegna aukinna innstæðna og útlána bankanna til erlendra aðila. Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis nam 15,1 milljarði króna á árinu 2003 en fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi var á sama tíma 6,5 milljarðar króna. Gjald-eyrisforði Seðlabankans nam 58,1 milljarði króna í árslok 2003 og

¹ Viðskiptavegin gengisvísitala var 6% lægri á árinu 2003 en árið áður.

hafði aukist um 23,4 milljarða króna á árinu 2003, þar af um 13,6 milljarða króna á fjórða ársfjórðungi.

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 539 milljörðum króna umfram erlendar eignir í árslok 2003. Hrein skuldastaða við útlönd lækkaði um 28 milljarða króna frá árslokum 2002 þrátt fyrir viðskiptahalla. Lækkun skuldastöðunnar má rekja til gengishækkunar krónunnar og hækkunar á markaðsvirði erlendra hlutabréfa og jákvæðs skekkjuliðar greiðslujafnaðar. Erlendar eignir námu 671 milljarði króna í árslok 2003 og hækkuðu um 274 milljarða króna á árinu. Erlendar skuldir þjóðarinnar hækkuðu um 246 milljarða króna og voru 1.210 milljarðar króna í árslok 2003.

Skekkjuliður greiðslujafnaðar er stór og jákvæður á árinu 2003 eftir að hafa verið oftast neikvæður á árunum þar á undan. Sveiflur í skekkjulið greiðslujafnaðar sýna að ekki hefur tekist að mæla öll erlend viðskipti og fjármagnshreyfingar á réttum tíma. Skýringu á stórum og jákvæðum skekkjulið á fjórða ársfjórðungi má eflaust rekja til mikillar hækkunar erlendra eigna sem ekki tókst að mæla fyrr en nú.

Meðfylgjandi yfirlit sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Mánudaginn 8. mars 2004 birtist töfluyfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu bankans: (www.sedlabanki.is).

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson, deildarstjóri á tölfræðisviði Seðlabanka Íslands, í síma 569-9600.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

Í milljónum króna	Október- desember		Janúar - desember		Breyting ¹ frá fyrra ári
	2002	2003	2002	2003	
Viðskiptajöfnuður	-2.017	-13.368	-2.221	-45.467	
Útflutningur vöru og þjónustu	72.279	66.722	308.802	284.457	-2,0%
Innflutningur vöru og þjónustu	-70.996	-78.640	-292.911	-311.625	13,2%
Þáttatekjur og framlög, nettó	-3.301	-1.451	-18.114	-18.300	7,5%
Vöruskiptajöfnuður	2.347	-5.258	14.082	-15.901	
Útfluttar vörur f.o.b.	48.757	45.494	204.303	182.580	-4,9%
Innfluttar vörur f.o.b.	-46.410	-50.752	-190.221	-198.481	11,0%
Þjónustujöfnuður	-1.063	-6.659	1.811	-11.266	
Útflutt þjónusta	23.522	21.228	104.499	101.877	3,7%
Samgöngur	11.457	10.939	51.685	49.672	2,2%
Ferðalög	4.592	4.655	22.835	24.411	13,7%
Önnur þjónusta	7.473	5.634	29.979	27.794	-1,4%
Innflutt þjónusta	-24.585	-27.887	-102.688	-113.143	17,2%
Samgöngur	-9.313	-9.794	-39.321	-39.843	7,8%
Ferðalög	-8.575	-10.817	-33.406	-39.871	26,9%
Önnur þjónusta	-6.697	-7.276	-29.961	-33.429	18,7%
Þáttatekjur, nettó	-2.832	-1.050	-19.284	-17.373	
Tekjur	6.152	5.992	17.111	18.527	15,2%
Laun	1.535	1.580	5.417	6.236	22,4%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	4.617	4.412	11.694	12.291	11,8%
Gjöld	-8.984	-7.042	-36.395	-35.900	4,9%
Laun	-111	-105	-702	-465	-29,5%
Vextir og ávöxtun hlutafjár ²	-8.873	-6.937	-35.693	-35.435	5,6%
Rekstrarframlög	-469	-401	1.170	-927	
Fjármagnsjöfnuður	7.167	-7.734	11.540	31.816	
Fjárframlög, nettó	-61	-192	-122	-402	
Fjármagnshreyfingar ³	7.228	-7.542	11.662	32.218	
Hreyfingar án forða	-3.819	6.062	17.326	55.619	
Bein fjárfesting, nettó	-5.631	-7.616	-9.188	-8.547	
Innlendra aðila erlendis	-15.132	-12.589	-19.945	-15.070	
Erlendra aðila á Íslandi	9.501	4.973	10.757	6.523	
Verðbréfavíðskipti, nettó	-16.226	75.426	22.159	234.395	
Erlend verðbréf	-9.348	-17.893	-30.017	-45.363	
Hlutafé	-7.957	-17.093	-25.735	-40.579	
Skuldaskjöl	-1.391	-800	-4.282	-4.784	
Innlend verðbréf	-6.878	93.319	52.176	279.758	
Hlutafé	3.492	1.241	1.521	-2.598	
Skuldaskjöl	-10.370	92.078	50.655	282.356	
Annað fjármagn, nettó	18.038	-61.748	4.355	-170.229	
Eignir	-4.409	-90.731	-30.426	-150.774	
Skuldir	22.447	28.983	34.781	-19.455	
Gjaldeyrisforði	11.047	-13.604	-5.664	-23.401	
Skekkjur og vantalið	-5.150	21.102	-9.319	13.651	

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.

2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.

3) Neikvætt formerki táknar fjárústreymi vegna eignaaðgangunar eða skuldalækkunar.

ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

<i>Staða í lok tímabils í ma.kr.:</i>	<i>2000</i>	<i>2001</i>	<i>2002</i>	<i>September 2003*</i>	<i>Desember 2003*3</i>
I. Erlendar eignir, alls	315,8	421,1	397,2	528,7	671,3
1 Bein fjárfesting erlendis	56,2	86,7	89,6	89,4	101,9
11 Eigið fjármagn	41,0	66,6	70,7	76,1	82,2
12 Lán til tengdra félaga	15,2	20,2	18,9	13,3	19,7
2 Erlend markaðsverðbréf	186,3	202,5	159,3	220,3	250,8
21 Hlutfæ	179,7	188,0	148,9	195,2	225,8
22 Skuldaskjöl	6,6	14,6	10,4	25,1	25,1
221 Skuldabréf	3,6	11,8	9,6	24,9	24,6
222 Peningabréf	3,0	2,8	0,8	0,3	0,4
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar fjáreignir en forði	39,1	95,2	111,1	172,6	260,4
5 Gjaldeyrisforði	34,2	36,6	37,2	46,4	58,1
II. Erlendar skuldir, alls	764,5	1.008,1	964,3	1.101,9	1.210,2
1 Bein fjárfesting á Íslandi	41,5	69,5	61,5	55,1	54,6
11 Eigið fjármagn	33,1	63,7	56,6	52,1	48,7
12 Lán frá tengdum félögum	8,5	5,9	4,9	3,0	6,0
2 Innlend markaðsverðbréf	346,7	468,0	468,3	665,2	753,1
21 Hlutfæ	1,2	5,6	7,9	5,0	5,9
22 Skuldaskjöl	345,5	462,4	460,4	660,2	747,2
221 Skuldabréf	299,2	379,4	388,4	530,3	619,4
222 Peningabréf	46,3	83,0	72,0	129,9	127,8
3 Afleiður	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
4 Aðrar erlendar skuldir	376,2	470,6	434,5	381,5	402,5
41 Löng lán	289,0	377,3	296,6	261,7	257,9
42 Skammtímaskuldir	87,2	93,3	137,9	119,8	144,6
III. Hrein staða við útlönd	-448,7	-587,0	-567,1	-573,2	-538,9
1. Áhættufjármagn, nettó	193,1	199,6	169,2	224,5	267,2
2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó	-641,8	-786,6	-736,3	-797,7	-806,1
21 Seðlabankinn	18,6	21,7	20,8	46,2	58,1
22 Hið opinbera	-167,4	-239,6	-226,9	-221,9	-218,7
23 Innlánsstofnanir	-329,5	-377,4	-367,9	-450,7	-468,3
24 Aðrir geirar	-163,4	-191,4	-162,2	-171,4	-177,3
<i>Gengi Bandaríkjadals</i>	84,47	102,95	80,58	75,89	70,99
IV. Skuldahlutföll (% af VLF): ¹					
11 Hrein staða þjóðarbúsins	-63,8	-75,6	-78,5	-69,7	-67,4
12 Hrein skuldastaða ²	91,2	101,3	101,9	97,0	100,8
13 Erlend skuldastaða ³	102,5	120,1	123,8	126,7	143,8
131 þ.a. langtímaskuldir	83,6	97,4	94,8	96,3	109,7

*) Bráðabirgðatölur.

1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.

2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutfæ).

3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.